



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um stefnu og aðgerðir til að uppræta fátækt barna*

Þann 15. febrúar 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn um stefnu og aðgerðir til að uppræta fátækt barna:

Í nýlegri könnun Gallup kom fram að það er erfiðara nú en áður að ná endum saman í Reykjavík. Hlutfall þeirra sem ekki ná endum saman fjárhagslega hefur ekki verið jafn hátt hérlendis síðan fyrir sjö árum og hlutfall þeirra sem ná að safna sparifé hefur ekki verið lægra um sex ára skeið. Um þriðjungur þekkir fátækt af eigin raun eða í sínu nærumhverfi. Leigjendur eiga sérlega erfitt með að ná endum saman ef samanborið er við húsnæðiseigendur eða þau sem búa í foreldrahúsum. Í ljósi þessara og fleiri sambærilegra niðurstaðna spyr fulltrúi Flokks fólksins: Hyggst borgarmeirihlutinn grípa til einhverra sértækra aðgerða til að mæta vaxandi fjölda barna sem búa við fátækt í Reykjavík. Er hafin vinna við að móta stefnu eða áætlun til að uppræta fátækt í Reykjavík. Engin slík stefna er til í Reykjavíkurborg.

Svar

Aðgerðaáætlun stýrihóps velferðarsviðs um aðgerðir gegn sárafatækt barna og fjölskyldna þeirra var lögð fram til kynningar á fundi velferðarráðs þann 21. október 2020. Í aðgerðaráætluninni voru settar fram fimm tillögur og 15 aðgerðir með 15 mælikvörðum.

Á fundi velferðarráðs þann 30. ágúst 2023 var lagt fram stöðumat aðgerðaáætlunarinnar. Allar aðgerðir sem settar voru fram í aðgerðaáætlun hafa nú þegar komist til framkvæmda eða eru í ferli fyrir utan eina (endurskoða verklag og verkskiptingu milli velferðarsviðs og Félagsbústaða út frá notendamiðaðri hönnun).

Þær markvissu aðgerðir sem farið var í á grundvelli aðgerðaáætlunarinnar hafa m.a. tryggt börnum sem eiga foreldra sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda gjaldfrjálsan leikskóla, skólamáltíðir og frístundastarf. Ekki er ætlunin að leggja fram nýja aðgerðaráætlun en áfram verður unnið á grundvelli gildandi aðgerðaráætlunar. Áhersla verður lögð á að þeir mælikvarðar sem settir eru fram í aðgerðaáætluninni verði reglulega teknir saman og gerðir aðgengilegir fyrir velferðarráð.